

# Siglingaráð

## 22. fundur

Dags.: 6. febrúar 2020, kl. 11:00 til 13:00 í Samgöngustofu.

**Mættir:** Halldór Ármannsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Eggert Ólafsson (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Þorlákur Halldórsson (Landssamband smábátæigenda), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Bryndís Sigurðardóttir (Samband ísl. sveitarfélaga), Rannveig Grétarsdóttir (Samtök ferðaþjónustunnar), Guðmundur Herbert Bjarnason (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmtæknimanna), Fannar Gíslason (Vegagerðin, Hafnadeild), Ásgrímur L. Ásgrímsson (Landhelgisgæsla Íslands), Ólafur Ragnarsson (Samgöngustofa), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

**Gestir fundar:** Ásgeir Erlendsson (Landhelgisgæsla Íslanda), Gunnar Geir Gunnarsson (Samgöngustofa), Aron Freyr Jóhannsson (Samgöngustofa), Þórhildur Elínardóttir (Samgöngustofa), Eva Sigrún Óskarsdóttir (Samgöngustofa), Einar Örn Héðinsson (Samgöngustofa) og Páll Ágúst Ólafsson (Samgöngustofa).

**Forföll:** Garðar Jóhannsson (Samtök verslunar og þjónustu), Árni Bjarnason (Félag skipstjórnamanna), Halla Sigrún Sigurðardóttir (Samgöngustofa).

### Lagt var fram:

1. Dagskrá fundar (send í tölvupósti).
2. Fundargerð 21. fundar Siglingaráðs. (send í tölvupósti)
3. Öryggisáætlun sjófarenda. Uppgjör fjárveitinga 2019 (send í tölvupósti)
4. Ráðstefna um öryggi sjófarenda 19. mars 2020. Dagskrádrög (send í tölvupósti)
5. Kynning Samgöngustofu á Skútunni. (PP kynning, verður send í tölvupósti)

### Á fundinum gerðist eftirfarandi:

HÁ setti fundinn. ÁP upplýsti um nýja skipun í Siglingaráð og bætast Samtök ferðaþjónustunnar í ráðið. Fulltrúi þeirra er Rannveig Grétarsdóttir. Var hún boðin velkomin í hópinn og einnig Bryndís Sigurðardóttir sem verður áfram fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga.

1. **Fundargerð 21. fundar samþykkt.**
2. **Öryggisáætlun sjófarenda.** GGG kynnti uppgjör fjárveitinga ársins 2019 (sjá framlagt gagn nr. 3). Samtals voru útgjöld um 14,7 m.kr. sem er 1 m.kr. umfram áætlun. Í öryggisstjórnunarkerfi fóru um 6,8 m.kr., auglýsingar um 5,0 m.kr., kostnaður vegna ráðstefnu um konur og siglingar 0,95 m.kr. og styrki til hugvitsmanna 1,25 m.kr. Fram kom að N4 á eftir að skila fjórðu og síðustu myndinni á þessu ári en fyrstu þrjár verða kynntar formlega sjá nánar tölulíð nr. 6. Upplýst var að skilyrði fyrir fyrstu greiðslum til hugvitsmanna hafi verið uppfyllt og verkefnið um geðheilsu sjómanna hafi fengið samþykki Vísindasiðanefndar og Persónuverndar.
3. **Björgun með þyrlu.** ÁE/LHG kynnti og sýndi nýtt 4 mínútna myndband um björgun með þyrlu sem er nánast tilbúið en það er fyrsta myndbandið af þremur. Texti í myndbandinu á að vera á íslensku, ensku og fleiri tungumálum. Myndbandið verður öllum aðgengilegt og auðvelt að senda í skip sem þarfnast aðstoðar þegar þyrlur eru á leið til þeirra í útkall.
4. **Skútan.** PÁÓ og EÖH kynntu stöðu mála í smíði Skútunnar (framlagt gagn nr. 5). Í gagnagrunninum verður haldið utan um upplýsingar um skip, skírteini skipa og útgerða, alla skipaskoðun. Nýjung er regluvörður þ.e. öll lög og reglugerðir sem eiga við um tiltekið skip. Haldið er utan um réttindi einstaklinga og útgefin skírteini, sem og lögskráningu sjómanna. Les- og skrifadgang fá ýmsir aðilar t.a.m. skoðunaraðilar, LHG, lögskráningaraðilar, Fiskistofa, hafnir og þjónustuaðilar. Viðtökupróf eru í gangi með grunnkerfið. Viðmótsprófanir verða í sumar. Kerfið er

ekki með „mínum síðum sjómanna“ þrátt fyrir að á samráðsfundum Siglingaráðs og tölvudeildar SGS (Bjarni Sævarsson) hafi ráðsmenn lagt áherslu á slíkt í þarfagreiningu. Þar sem upplýsingar um netföng fylgja skírteinum er einfalt að bæta áminningum vegna gildistíma skírteina-við þegar grunnurinn er tilbúinn ásamt fleiri „tækifærum“. Talsverð vinna verður í að færa inn gögn úr gamla kerfinu sem samanstendur af mörgum og ósamstæðum gömlum kerfum.

5. **Öryggisráðstefna.** Áþ kynnti dagskrá ráðstefnunnar (framlagt gagn nr. 4). Að lokinni kynningu og umræðu var dagskráin samþykkt en í fundarlok var ákveðið að ráðstefnan verði haldin í hátíðarsal Sjómannaskólans. Áþ heldur erindið um öryggisáætlun sjófarenda fyrir hönd Siglingaráðs og ætlar að horfa m.a. til skýrslu RNSA um þreytu sem orsök slysa en óskaði eftir ábendingum ráðsmanna um fleiri áhersluatriði. ÁLÁ benti á að orsakir stranda væru ekki eingöngu þreyta skipstjórnarmanna heldur oft einnig almennt kæruleysi og skortur á þekkingu í siglingafræði og lestri sjókorta. VV sagði frá kröfum norskra og danskra siglingamálayfirvalda um mönnunarskírteini í fiskiskipum sem varða alla áhöfnina en ekki bara siglingavakt eins og er hér á landi. Er ekki ástæða til að skoða þetta fyrir öll íslensk skip en fyrir SOLAS skip er krafa um lágmarks öryggismönnun. Umræða var um hvíldartíma sjómanna almennt og 14 tíma hámarks útiveru strandveiðibáta og þeirra sem róa einir sem og skort á refsiramma t.d. þegar skip eru stöðvuð af LHG..  
Ákveðið að hafa skráningu á ráðstefnuna og byrja sem fyrst að auglýsa hana. Norskum fyrirlesurum verður boðið og fá frítt flug og gistingu.
6. **N4 myndbönd.** Horft var á þrjár stuttmyndir: Hættuleg efni, Lokuð rými og Vinna í hæð. Samþykkt var að setja þær í dreifingu samhliða fjölmiðlatilkynningu sem Áþ ætlar að skrifa og ráðsmenn verða svo samtaka í að koma efninu á framfæri á vefsíðum sínum og/eða samfélagsmiðlum.
7. **Öryggisstjórnunarkerfi fiskiskipa.** Verkís hefur lokið sínum hluta verkefnisins en Snæfríður er ennþá með í ráðum og mun kynna öryggisstjórnunarkerfið ásamt GHB fyrir öryggishóp SFS. Þegar endanleg útgáfa handbókar liggur fyrir verður hún aðgengileg á netinu. Fjölmiðlakynning verður í nafni Siglingaráðs. Slysavarnaskóli sjómanna mun bjóða upp á sérstök námskeið þessu tengt. ÓR kynnti ö.kerfið og lýsti samspili þess og SafetyFolder.
8. **Lög og reglugerðir.** EÓ upplýsti um stöðu mála.
  1. Frumvarp samþykkt: Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa (smáskipaviðmið og mönnunarkröfur). Lög númer 166/2019. Breyting tekur gildi 1. september 2020. [www.althingi.is/altext/150/s/0809.html](http://www.althingi.is/altext/150/s/0809.html)
    - i) Réttindaskírteini fyrir skip styttri en 12 metrar færast í 15 metra.
  2. Frumvarp samþykkt: Breyting á lögum vegna alþjóðasamþykktar um vinnu við fiskveiðar (alþjóðlegar skuldbindingar). Lög númer 158/2019. Breyting tekur gildi 1. júlí 2021. [www.althingi.is/altext/150/s/0808.html](http://www.althingi.is/altext/150/s/0808.html)
    - i) Breyting á sjómanna lögum, nr. 35/1985.
    - ii) Breyting á lögum um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, nr. 30/2007.
  3. Heildstæð skipalög eru ennþá í vinnslu en enginn hefur sent inn umbeðnar athugasemdir í excel töflunni góðu. Verður sett í samráðsgáttina og fá fulltrúar í Siglingaráði tölvupóst um það þegar það gerist.
  4. Reglugerð um farþegaskip er ennþá í vinnslu og reglugerð um lyf og læknisáhöld ásamt handbókinni eru í ferli hjá SGS og ráðuneytinu.
9. **Önnur mál**
  1. HS vakti athygli á vanköntum í regluverkinu en engin tímamörk eru á því hversu langur tími megi líða frá því að gildistími réttinda- eða öryggisfræðsluskírteinis rennur út þar til endurmenntunarnámskeið er tekið. Dæmi eru um að menn séu að taka endurmenntun bæði í Slysavarnaskóla sjómanna og skipstjórnarnáminu þó liðnir séu áratugir frá því að grunnskírteini runnu út. Óskaði hann eftir að fjallað verði um þetta á næsta fundi með aðkomu fulltrúa skírteinadeildar SGS.

2. Ákveðið að setja upp vinnuhóp um „Siglingagátt“ (Maritime portal) þar sem verður aðgengi að öllum upplýsingum þ.m.t. tenglum á síður ýmissa aðila sem tengjast öryggismálum sjófarenda og siglingum. Markmiðið er að einfalda notendum að nálgast réttar upplýsingar. ÓR og ÁLÁ/LHG buðust til að vera í vinnuhópnum.

Næsti fundur verður 5. mars 2020, Áþ boðar í tölvupósti.

IV og Áþ rituðu fundargerð.